



# Reglur Skútustaðahrepps um sérstakan húsnæðisstuðning

## 1. gr.

### Skilgreining og markmið

Sérstakur húsnæðisstuðningur er fjárstuðningur til greiðslu á húsaleigu umfram húsnæðisbætur sem veittar eru á grundvelli laga um húsnæðisbætur nr. 75/2016.

Sérstakur húsnæðisstuðningur er ætlaður þeim fjölskyldum og einstaklingum sem ekki eru á annan hátt færir um að sjá sér fyrir húsnæði sökum lágra launa og þungrar framfærslubyrðar

## 2. gr.

### Umsókn

Félagsþjónusta Norðurþings, f.h. Skútustaðahrepps, annast afgreiðslu umsókna um sérstakan húsnæðisstuðning, samkvæmt gildandi reglugerð Norðurþings, í samræmi við gildandi samstarfssamning um samvinnu sveitarfélaganna á sviði sérfræðiþjónustu leik- og grunnskóla og velferðarþjónustu.

Umsókn til Félagsþjónustu Norðurþings skal vera skrifleg á sérstöku eyðublaði og undirrituð af heimilismönnum, 18 ára og eldri, til staðfestingar á þeim upplýsingum sem þar koma fram. Með umsókn skulu fylgja öll nauðsynleg gögn, líkt og nánar er kveðið á um í reglugerð Norðurþings um sérstakan húsnæðisstuðning.

## 3. gr.

### Sérstakur húsnæðisstuðningur vegna 15-17 ára barna

Veita skal sérstakan húsnæðisstuðning til foreldra eða forsjáraðila 15–17 ára barna sem leigja herbergi á heimavist eða námsgörðum hér á landi vegna náms fjarri lögheimili. Sérstakur húsnæðisstuðningur skal vera óháður tekjum og eignum foreldra eða forsjáraðila og nemur 65% af leigufjárhæð. Sækja skal um á skrifstofu Skútustaðahrepps á þar til gerðu eyðublaði. Með umsókn um slíkan stuðning skal leggja fram þinglýstan húsaleigusamning og staðfestingu á námi barns.

## 4. gr.

### Gildistaka

Í reglum þessum er kveðið á um útfærslu á þjónustu sem sveitarfélögum er skylt að veita, sbr. 2. og 3. mgr. 45. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga, með síðari breytingum. Reglur þessar öðlast gildi þann 1. janúar 2017. Jafnframt falla þá úr gildi eldri reglur Skútustaðahrepps um sérstakar húsaleigubætur.

Samþykkt í sveitarstjórn Skútustaðahrepps 11.01.2017

*Þorsteinn Gunnarsson, sveitarstjóri*